



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á málþinginu
„Vigdís Finnbogadóttir: Hin víðtæku áhrif“,
til heiðurs Vigdísi vegna heiðursdoktorsnafnbótar
við Háskólann á Akureyri,
8. nóvember 2019.**

Vigdís Finnbogadóttir,
forsætisráðherra,
aðrir góðir gestir

Hverfið með mér um stund nær fjörutíu ár aftur í tímann, en styðjumst líka við ögn yngri bók – sem mér finnst þó vera frá löngu liðinni tíð. Hverfum til Kristjánsborgarhallar í Kaupmannahöfn að morgni 25. febrúar 1981:

Starfsfólk dönsku hirðarinnar er í óðaönn að undirbúa kvöldverð Danadrottningar til heiðurs forseta Íslands. Í samræmi við hefð heldur þjóðhöfðingi Íslendinga í sína fyrstu opinberu heimsókn til Danmerkur.

Laust fyrir hádegi lendir vél Flugleiða á Kastrupvelli. ... Boð drottningar til heiðurs forseta Íslands er [að kvöldi] í Riddarasalnum í Kristjánsborgarhöll. ... Borðræður hefjast. ... „Það er okkur mikil gleði að hafa yður hér,“ segir [Margrét Þórhildur] drottning ... „ekki síst fyrir það að þér eruð sameiningartákn þjóðarinnar í norðri sem á sérstakan sess í sögu okkar.“

Gestir rísa úr sætum og skála til heiðurs forseta Íslands og íslenskri þjóð. Komið er að Vigdísi Finnbogadóttur að mæla til gestgjafa sinna. „Þarf að semja ræðu og sýna forsætisráðherra hana,“ hafði staðið á minnisblaði forsetaskrifstofu um undirbúning heimsóknarinnar. Gunnar

Thoroddsen forsætisráðherra hafði engar athugasemdir við handrit forseta. ... Í ræðu sinni leggur Vigdís út af Auðunar þætti vestfirska sem hætti sér til Grænlands að kaupa bjarndýr sem hann færði konungi í virðingarskyni. Ræðan þykir þegar nýstárleg og snjöll. ...

Vigdís Finnbogadóttir hefur staðist prófraunina. Rétt orð eru sögð á réttum stöðum, siðareglum fylgt í æsar. ... Alltaf getur eitthvað þó komið upp á. Í miðju boðinu, sitjandi milli Margrétar Þórhildar og Hinriks prins, missir forseti Íslands munnþurrku sína. Laumulega seilist Vigdís eftir henni en situr þá með kjólfald drottningar í kjöltu sinni. Betur má ef duga skal. Faldinn lætur Vigdís síga og þreifar fyrir sér með fætinum. Þá er hún komin með hælkrók á Hinrik prins. Konungshjónin kunna auðvitað að láta sem ekkert sé. Stressuð sér Vigdís hina skoplegu hlið tilverunnar við háborðið í Kristjánsborgarhöll. Samtímis veit hún að blettur má ekki falla á forseta Íslands. Héðan í frá verður hún alltaf í sviðsljósinu.

Föstudaginn 27. febrúar sitja Margrét Þórhildur og Vigdís saman fyrir svörum á þéttskipuðum fjölmiðlafundi ... Þjóðhöfðingjarnir leika á als oddi og svara að bragði hverri fyrirspurninni á fætur annarri, oftast en ekki með kímni að vopni og bros á vör. Indæl hlátrasköll glymja við. ...

„Er danskan á undanhaldi á Íslandi?“ Því neitar Vigdís á blaðamannafundinum. Nauðsynlegt sé þó að hafa varann á. Þeirri varðstöðu um norræn tengsl sinnti hún öll sín ár á forsetastóli. Næst er spurt hvort Íslendingar séu ekki að fjarlægjast Norðurlönd út af áhrifum amerískrar menningar. „Nej, Gud bevare os,“ svarar hún samstundis. Margir í salnum vita eflaust að forseti hafði verið framarlega í flokki herstöðvaandstæðinga, andvíg bandaríska sjónvarpinu og „ameríkanísingu“ íslensks samfélags. Vigdís Finnbogadóttir heldur áfram: „Það sem gerir þjóð að þjóð er tungan og íslenskan hefur gert okkur að þjóð.“ Hér kveður við tón sem átti eftir að heyrast oft í embættistíð hennar.

Nú er spurt hvernig fari um handritin, hvort eitthvað sé unnið með þau á Íslandi. Þarna má allt eins greina gagnrýni. Forseti kann þá list að snúa vörn í sókn: „Handritin hafa það gott,“ svarar hún hiklaust: „Við förum með þau eins og ungar börn, tökum þau fram á hverjum morgni, lesum þau allan daginn og leggjum þau til svefns á kvöldin – í eldtraustum skápum.“ Gamanssemi og hlýja, þeir eiginleikar Vigdísar munu reynast vel í embætti.

Að síðustu eru þær stallsystur á þjóðhöfðingjastóli spurðar hvaða fréttir þær vilja helst sjá í blöðum næsta dags. „Góðar fréttir,“ svarar drottning snaggaralega. Vigdís Finnbogadóttir bætir við að hún vilji framar öllu geta lesið þessa forsíðufrétt: „Fullnaðarsigur vísindanna – engin kjarnavopn.“ Þar hafa Danir það. Íslendingar hafa kosið sér til forseta málsvara friðar og afvopnunar. Hefði þessi yfirlýsing ratað í hátíðarræðu

forseta í Kristjánsborgarhöll hefði Gunnar Thoroddsen í það minnsta lyft brúnum. Vigdís vildi vera eins ópólitísk og Kristján Eldjárn, fyrirmynd hennar í embætti, en mætti hún þá tjá sig um álitamál samtímans með þessum hætti? Gæti hún þá verið það sameiningartákn sem drottning hafði minnst á í ræðu sinni?

Laugardeginum 28. febrúar, lokastund hinnar opinberu heimsóknar, ver Vigdís Finnbogadóttir að mestu á Hotel d'Angleterre. Þar kynna íslenskir iðnrekendur, ferðamálafrömuðir og útflytjendur landbúnaðarvara það sem þeir hafa fram að færa ... Íslenskir réttir eru í boði og tískusýning haldin. Enn klæðist Vigdís íslenskum flíkum, „fyrsti kvenforseti heims í þrjóni og vefnaði frá Sögueynni“ eins og Berlingske Tidende komst að orði.

Engar ýkjur eru að þessi fyrsta opinbera heimsókn Vigdísar Finnbogadóttur heppnaðist einstaklega vel. ...

Persónulegur sigur Vigdísar Finnbogadóttur vannst [þó] ekki aðeins fyrir Íslands hönd, til hagsbóta fyrir íslenskan iðnað og landbúnað. Með sinni glæsiför sýndi forseti valdakörlunum heima að hún var vandanum vaxin, að „fávísa stelpa“ væri enginn aukvísir. Áfram efaðist Vigdís samt um stöðu sína. „Hún er svo inngróin, þessi gamla vanmetakennd kvenna af minni kynslóð,“ sagði hún löngu síðar, horfin frá Bessastöðum: „Aldrei nokkurn tímann fékk ég þá tilfinningu að ég væri komin á þurrt, yfir hjallann og hefði sannað mig í embætti ... En það voru utanlandsferðirnar og opinberu heimsóknirnar sem gáfu mér styrk og þar fannst mér ég blómstra.“ Það gerði Vigdís svo sannarlega.

Kæra Vigdís, Katrín forsætisráðherra, góðir áheyrendur. Mér fannst við hæfi að lýsa hér fjórum dögum í lífi Vigdísar Finnbogadóttur. Í þeirri frásögn er snert á ýmsu sem einkenndi störf hennar á forsetastóli í 16 ár.

Fátt er eins gaman og að skrifa um forseta. Þá koma ýmsar heimildir að gagni sem síðan þarf að túlka og setja í samhengi, segja sögu og draga ályktanir. Í þeim efnum er fróðlegt að líta út fyrir landsteinanna. Glögg er gests augað, segir spakmælið. Einu og hálfu ári eftir hina vel heppnuðu Danmerkurför hélt Vigdís til Bretlands, hitti þar Margréti Thatcher forsætisráðherra, lýsti aftur ótta sínum við kjarnorkuvá og yggldi „járnfrúin“ sig við þau ummæli. Ytra hafði einmitt verið lögð rík áherslu á að varast þyrfti viðkvæm pólitísk umræðuefni, að ekki sé minnst á átökin nýliðnu umhverfis Íslandsmið. „Tölum ekki um þorskastríð, tölum ekki um NATO,“ það var tónninn. Reyndar væri óhætt að fjalla um menningu, menntun og jafnréttismál, jafnvel verðbólgu, og svo hefði íslenski forsetinn mikinn áhuga á umhverfisvernd.

Í Lundúnum sló Vigdís líka í gegn. „Ég komst í hóp hennar mestu aðdáenda,“ sagði einn þeirra embættismanna sem fylgdu henni hvert fótspor; Vigdís bæri sig með reisu en væri ekki rogginn, sýndi öllum einlægum áhuga og velvild, þekkti sögu sína og þjóð í þaula. Eftir henni yrði eflaust tekið á alheimsvísu, þeim forseta Íslands sem hefði komið landi sínu á alheimskortið.

Góðir áheyrendur! Svona gætum við haldið lengi áfram, leyfði tíminn það. Þannig geyma fróðleg bandarísk gögn og aðrar heimildir þessara ára, innlendar sem erlendar, svipaða sögu um táknræna tignarstöðu sem sé vel setin.

En líður nú að lokum þessa erindis. „Af því að ég er maður.“ „Það á að kjósa mig af því að ég er maður.“ Með þeim orðum svaraði Vigdís Finnbogadóttir þeirri spurningu hvort það ætti að kjósa hana forseta Íslands vegna þess að hún væri kona. Þetta var í júní 1980, fyrir hartnær fjörutíu árum. Og hér erum við komin saman að gleðjast með Vigdísi og heiðra hennar ævistarf. Það á að veita henni heiðursdoktorsnafnbót af því að hún er þess verð.

Engum er greiði gerður með gagnrýnislausri vegsömun og lofi. Áfram verður embættistíð Vigdísar Finnbogadóttur vegin og metin. En heiður þess sem heiður ber. Áfram má líka hampa því afreki sem Vigdís vann 1980. Með því að fara í framboð, með því að standa vel fyrir máli sínu og með því að verða hlutskörpust í forsetakjöri mótaði Vigdís Finnbogadóttir samtíma og framtíð þjóðarinnar. „Getur kona verið forseti?“ var spurt. Svarið fékkst.

Kæru vinir: Ég vil ekki vera sakaður um að lesa bara úr eigin bókum. Nýlega komu út tvær bækur sem fjalla hvor á sinn hátt um kosningu Vigdísar, teiknimyndaverk Ránar Flygenring og ungmennabók Brynhildar Þórarinsdóttur, Ungfrú fótboldi sem gerist vor og sumar 1980. Ég lýk máli mínu með því að lesa stuttan kafla úr þeirri skemmtilegu sögu. Við grípum hér niður í frásögnina þegar þjálfarinn bannar þeim Ninnu og Gerðu, tólf ára gömlum, að æfa fótbolda með strákunum – því auðvitað voru engar æfingar fyrir stelpur:

Þjálfarinn glotti ... áður en hann sneri sér ... að okkur stelpunum: „Farið heim að leika ykkur stelpur mínar. Það er komið nóg af truflunum.“

Ég fann reiðina rífa upp blóðþrýstinginn en reyndi samt að halda röddinni rólegri þegar ég jós yfir hann: „Mikið rosalega ertu gamaldags. Það er komið árið 1980 – sættu þig við það. Kona er að verða forseti. Þú getur ekki bannað stelpum að spila fótbolda.“

Þjálfarinn skellihló. „Ég á nú eftir að sjá það gerast að kona verði forseti. Það hefur alltaf verið karl í þessu embætti.“

„Það er engin regla,“ tautaði ég og var orðin verulega sár.

Þjálfarinn var hins vegar orðinn pirraður. „Það er engin þörf á að breyta því sem er í lagi.“

...

„Það eiga margir eftir að kjósa Vigdís,“ bætti Ninna við, „hún verður næsti forseti.“

Þjálfarinn glotti. „Það eru engar líkur á því – en ef það gerist fáíð þið stelpurnar að keppa við strákana mína.“

„Borðfast!“ kallaði ég ögrandi.

...

Við [Ninna] tókum boltana okkar og strunsuðum burt. Við gættum þess vel að líta ekki til baka því við vorum báðar með tárin í augunum og það síðasta sem okkur langaði til var að strákarnir sæju okkur grenja.